


BALANCETEST



- ▶ Sjálfspróf með storknuðum blóðbletti
- ▶ Mælir magn 11 fitusýra í blóðinu.
- ▶ Upplýsir þig um omega-6:3 jafnvægið

Nú á tímum neytum við öðruvísi matar en var á borðum fólks í upphafi 20. aldar þegar skyndibiti þekktist til dæmis ekki.

En jafnvel þótt við eldum okkar eigin mat eru innihaldsefnin því miður ekki af sömu gæðum lengur. Kjöt er að mestu af dýrum sem ala allan sinn aldur innanhúss og fá fóðurbloðdur í staðinn fyrir grænt gras á opnum túnum. Fiskur á borð við lax er ræktaður í sjókvíum og fær fiskimjöl í stað þörunga í sjávardýpinu. Þetta hefur mikil áhrif á næringargildi og þar af leiðandi á frumur okkar, vefi og líkama.

BalanceTest frá Zinzino er auðvelt sjálfspróf til að greina fitusýrurnar í blóðinu en þær endurspeglar fituna í matnum sem þú neytir. BalanceTest er þurrblóðdropapróf (DBS) og það er vísindalega sannað að það er jafn nákvæmt og bláæðablóðpróf þegar greina á fitusýrur.

Allt sem þarf eru nokkrir blóðdropar úr fingurgómi og það tekur innan við mínútu að ljúka prófinu. VITAS Analytical Services* gerir nafnlausu greiningu á innihaldi 11 fitusýra** í blóðinu með 98% öryggi. Niðurstöðurnar eru svo birtar eftir um það bil 20 daga á vefsetrinu zinzino.com þar sem upplýsingar er að finna um Omega-6:3 jafnvægi, Omega 3 innihald, verndargildi fitusýranna og fleira.

Rannsóknir á fitusýrusamsetningu blóðs hafa sýnt að hún er sterk vísbending um heilbrigðisástand viðkomandi.

*Vitas er GMP-vottuð rannsóknastofa fyrir kemíska greiningu með 20 ára reynslu að því að veita hágæða litskiljunargreiningu á grundvelli hágæða vísindabekkingar og -tækni.

** Fitusýrurnar 11 eru : Palmitínsýra (PA), sterínsýra (SA), olíusýra (OA), línólsýra (LA), alfalínólsýra (ALA), gamma línólsýra (GLA), dihomoGamma línólsýra (DHGLA), arakíðónsýra (AA), eikósapentaensýra (EPA), dókósapentaensýra (DPA) og dókóshexensýra (DHA).

HVERNIG VIRKAR ÞETTA?

Þú ættir fyrst að taka BalanceTest og svo að byrja strax að taka daglegan skammt af Zinzino Balance vörum.

Haltu áfram að nota Balance-vörurnar á ráðlagðan hátt í 120 daga og taktu þá seinna BalanceTest prófið til að sjá hvaða breytingar hafa orðið á fitusýrusamsetningu þinni.

**Ef fyrra prófið sýnir að omega-6 og omega-3 jafnvægi þitt er 3:1 eða betra, ættir þú að hafa samband við Zinzino, því þá þarft þú ekki að nota Balance-vöruna.*

ÞÍN VERND (VERNDARGILDI FITUSÝRANNA)

Þessi þáttur snertir snið fitusýranna 11 í líkama þínum. Skalinn er frá 0-100 og markmiðið er að hjálpa viðskiptavininum til þess að ná 100 á seinna prófinu eftir 120 daga. Þetta segir ekkert til um heilsufar viðkomandi einstaklings, eingöngu um verndarsnið fitusýranna.

OMEGA-6 (AA) Á MÓTI OMEGA-3 (EPA) JAFNVÆGI

Omega-6 (AA) á móti Omega-3 (EPA) jafnvægið er mæling sem sýnir jafnvægi Omega-6 og Omega-3 fitusýra. Jafnvægið á milli þeirra tveggja getur sýnt snið í ójafnvægi (meira en 9:1), að hluta til í jafnvægi (milli 9:1 og 3:1) eða í jafnvægi (3:1 eða þar undir). Hafi viðskiptavinurinn gildið 3:1 eða hærra er markmiðið það að breyta mataræðinu svo það náist 3:1 eða lægra hlutfall.

OMEGA-3 STIG (EPA+DHA)

Hlutfallið sýnir hve mikið af EPA+DHA Omega-3 er af heildar fitusýrubúskap blóðsins. Omega-3 býr yfir mörgum kostum því þessar fitusýrur eru grunnefnið í frumum líkamans. EPA er ríkjandi í blóði, vöðvum og vefjum en DHA er ríkjandi í heila, sæði og augum. Besta hlutfallið í prófinu er 8% eða meira. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority - EFSA) heldur því fram að EPA og DHA stuðli að viðhaldi eðlilegrar hjartastarfsemi. DHA stuðlar einnig að viðhaldi eðlilegrar sjónar og eðlilegrar virkni heilans.

GEGNDRÆPISSTUÐULL FRUMUHIMNANNA

Þetta er jafnvægið á milli mettaðrar fitu og Omega-3 (EPA+DHA). Gagnræpi mettaðra fitutegunda er minna en gegndræpi Omega-3 fitutegunda. Bætt jafnvægi 4:1 (mettaðar fitusýrur á móti Omega-3 fitusýrum) eykur gegndræpi frumuveggjanna.

ANDLEGUR STYRKUR - FÆÐUSTUÐULL

Þetta er jafnvægið á milli Omega-6 (AA) og Omega-3 (EPA+DHA). Fullnægjandi magn af Omega-3 fitusýrum úr fiskmeti, DHA, í mataræðinu stuðlar að viðhaldi eðlilegrar heilastarfsemi. Heilinn er stjórnstöð taugakerfisins. Hann hefur eftirlit með og stýrir viðbrögðum líkamans við upplýsingum frá sjón, heyrn, ilman og bragði.

MÓTUNARSKILVIRKNI ARAKÍDONSÝRU (AA)

Þetta sýnir skilvirkni líkamans í því að breyta fitusýrum, Omega-6, úr fæðunni í mikilvægar fitusýrur Omega-6 (AA) í líkamanum. Ef skilvirknin er minni en 30% er mælt með því að neytt sé fæðu sem er rík af AA, lt.d. kjúklingi, kalkún, svínakjöti og eldislaxi.

FRAMKVÆMD PRÓFSINS

1. Zinzino Test er vottað glasgreiningartæki (in vitro) fyrir persónulega blóðsýnagjöf heima.

- Byrjaðu á því að þvo þér vel um hendur með sápu og skola vel með heitu vatni áður en þú þerrar þær.

Taktu sýnaspjaldið út úr pappírsumslaginu.

Geymdu umslagið til notkunar síðar.

Rífdðu af **SAVE**-hlutann á sýnaspjaldinu og taktu mynd af auðkenni prófsins. Þú getur EINUNGIS skoðað ÞÍNAR niðurstöður með PERSÓNULEGU auðkenni þíns prófs. Leggðu kortið á borð þannig að hringirnir tveir snúi upp.

2. Notaðu alkóhólvetta þurrku til að hreinsa fingurgóminn (mælt er með að nota löngutöng).

Auktu við blóðrennslið með því að sveifla handleggjunum í stóra hringi eðahrista höndina niður á við í 20 sekúndur. Taktu fram einnota stungunálina. Snúðu grönnu plasthettunni 1/4 úr hring rangsælis. Kiptu tappanum af og stungunálin er tilbúin til notkunar.

3. Berðu stungumálina að **neðri** hluta fingurgómsins og láttu hann beinast að sýnaspjaldinu á borðinu. Ýttu efsta hluta stungunálarinnar að fingrinum uns þú heyrir smell. Stungunálin gerir sjálfkrafa lítið stungusár í fingurinn.

4. Ekki snerta hringi sýnaspjaldsins með höndum. Þrýstu varlega á fingurinn einu sinni og láttu nokkra, að lágmarki 3 blóðdropa falla á hvorn hring á sýnaspjaldinu. Blóðið ætti alveg að þekja innri hluta hringjanna.

Mikilvægt: Forðastu að þrýsta of ákaft á fingurinn til þess að þvinga blóðið fram.

5. Láttu sýnaspjaldið liggja á borðinu við stofuhita í að minnsta kosti 10 mínútur til að ná að þorna vel.

6. Settu sýnaspjaldið aftur ofan í pappírsumslagið. Settu svo pappírsumslagið í álþynnupokann og lokaðu honum.

Mikilvægt: Ekki fjarlægja þerripokann innan í álþynnupokanum.

7. Settu lokaða álþynnupokann í stóra umslagið með heimilisfangi rannsóknastofunnar áprentuðu: ATHUGIÐ! Það VERÐUR að setja rétt burðargjald á umslagið áður en það er sett í póstkassa.

8. Farðu á netið og skráðu kóðann þinn á **www.zinzinotest.com**. Þetta er vefsetrið þar sem þú getur síðar skoðað niðurstöður þínar. Það tekur 10-20 daga uns niðurstöður þínar verða tilbúnar.

Mikilvægt: Geymdu SAVE-hluta spjaldsins. Þú getur EINUNGIS skoðað ÞÍNAR niðurstöður á netinu með PERSÓNULEGU auðkenni þíns prófs.

